

Ef leyfishafi brýtur gegn ákvæðum auglýsingar þessarar eða skilyrðum, sem bæjarráð og heilbrigðisnefnd setja fyrir leyfi, greiðir ekki gjaldið á gjalddaga, eða rekstur sölustaðar þykir ekki fara vel úr hendi, getur bæjarráð svipt leyfishafa leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun.

### 12. gr.

Brot gegn auglýsingu þessari varða sektum. Með mál út af brotum á auglýsinguinni skal farið að hætti opinberra mála.

Auglýsing þessi, sem bæjarstjórn Eskifjarðar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 17 frá 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða, öðlast þegar gildi, þó með þeim takmörkunum, sem lög nr. 45 frá 15. júní 1926 setja og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 3. febrúar 1977.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Skúli Sigurðsson.*

## REGLUGERÐ

### um gatnagerðargjald A í Suðureyrarhreppi.

#### 1. gr.

##### Almenn ákvæði.

Sveitarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjald á lóðir í kaupþúninu, eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari.

Gatnagerðargjald A er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við undirbyggingu götu fyrir bundið slitlag.

Þegar veitt er byggingarleyfi án undangenginnar lóðarveitingar er greiðsla gatnagerðargjalds áskilin og skal húsbyggjandi greiða gatnagerðargjaldið samkvæmt gjaldskrá, en þó aðeins af byggingaráfanga hverju sinni, sbr. þó 5. mgr.

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir breytingu eða endurbyggingu húsnæðis, sem felur í sér breytta notkun þess, þannig að húseignin eða hluti hennar færist í hærri gjaldflokk, þá skal húseigandi greiða gatnagerðargjald af hinu breytta húsnæði, sem nemur mismuni á gjaldinu reiknuðu af hinu breytta húsnæði fyrir og eftir breytinguna.

Hafi byggingarleyfi verið veitt og aðeins hluti þess notaður innan tilskilins tíma, skal við endurnýjun leyfisins greiða fullt gjald af þeim hluta byggingarinnar, sem byggingarleyfið er endurnýjað fyrir, að frádregnu því gatnagerðargjaldi, sem áður hefur verið greitt af sama áfanga.

Lóðin er veitt í því ástandi, sem hún er í við afhendingu hennar, og á lóðarhafi engar kröfur á hendur sveitarfélagsins síðar, vegna ástands hennar. Lóðarhafi skal hlíta byggingarskilmálum svo og öðrum þeim lögum og reglum, sem til greina kunna að koma og settar kunna að verða.

**2. gr.****Gjaldstofn.**

Upphæð gatnagerðargjalds skal miðast við ákveðinn hundraðshluta byggingarkostnaðar per rúmmetra „vísitöluhússins“.

Gjaldskráin er háð vísitölu byggingarkostnaðar og skal breytast árlega.

Gjöldin skulu miðast við brúttórúmmál húss.

Rúmmál skal reiknað eftir samþykktum uppdráttum. Sé uppdráttur nýrra húsa ekki fyrir hendi, skal til bráðabirgða miða við þá stærð húss, sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi skal miðað við eftirtaldar stærðir:

Einbýlishús ásamt hlgeymslu .....	500 m <sup>3</sup>
Par-, rað-, keðju-, stalla-, tvíbýlis- og þrúbýlishús .....	400 m <sup>3</sup> /ibúð
Fjölbýlishús .....	300 m <sup>3</sup> /ibúð

Fyrir önnur hús skal áætla nýtingarhlutfall lóðar 0.3—0.5 eftir nánari ákvörðun bygginga- og skipulagsnefndar hverju sinni, þ. e. ef samþykkt deiliskipulag kveður ekki á um nýtingarhlutfallið.

Meðalhæð skal reikna 3.5 m.

**3. gr.****Um afsögn veittrar lóðar og lækkun gatnagerðargjalds.**

Óski lóðarhafi eftir að segja sig frá veittri lóð, skal hann eiga rétt á endurgreiðslu á greiddu gatnagerðargjaldi. Heimilt er þó að fresta endurgreiðslunni eins og hér segir:

50% gatnagerðargjaldsins greiðist eftir 6 mán. Eftirstöðvar greiðast eftir 12 mán.

Verði lóðin veitt að nýju innan þess tíma, skal fyrri lóðarhafi fá gatnagerðargjaldið endurgreitt að fullu, þegar sú lóðarúthlutun fer fram.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á samanber lög nr. 51/1974, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur einnig til vátryggingafjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkvæmt lögum þessum lögtaki skv. lögum nr. 29/1885.

**4. gr.****Um ágreining.**

Sveitarstjórn sker úr ágreiningi er rísa kann um álagningu og innheimtu samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Suðureyrarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut kunna að eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 7. febrúar 1977.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Skúli Sigurðsson.*